

## FUNDARGERÐ

383. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 22. desember 2016 kl. 12.00 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt

#### 1. Samtal milli FEB og LEB

Formaður fór yfir fund með hluta stjórnar FEB með forsvarsmönnum LEB. Á fundi aðila var farið yfir nokkur þau mál sem FEB telur að ekki hafi gengið eftir. Því var komið á framfæri við LEB að fram væri komnar tillögur frá félagsmönnum um úrsögn FEB úr LEB. Mikil umræða um stöðu LEB og FEB. Þar sem niðurstaðan var;

Samþ. að FEB gangi úr LEB með fyrirvara um samþykki félagsfundar eða aðalfundar sbr fyrirvara og ákvæði í lögum FEB. Í lögum LEB grein 3.5. segir; *Stjórn aðildarfélags getur óskað eftir úrsögn úr LEB með sannanlegum hætti með 6 mánaða fyrirvara og tekur úrsögn gildi við næstkomandi áramót.*

Boðað verður til fundar aðila þann 28. desember n.k. og í kjölfarið fer bréf til LEB.

#### 2. Verðlagseftirlit og samstarf við Neytendasamtökin

Rætt hefur verið við nýkjörinn formann NS, Ólaf Arnarson með það í huga í taka upp ehv konar samstarf félaganna þ.e. NS og FEB með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Fundur verður með NS í byrjun janúar.

#### 3. Almennatryggingar og útgreiðslur

Tryggingstofnun hefur upplýst FEB að náð verði að greiða út 1. janúar 2017 samkvæmt ákvæðum nýrra almennatryggignarlaga. Innifalið í þeirri greiðslu verður 7,5% hækkunin skv 69. gr.

#### 4. Erindi frá velferðarráðuneyti / Birnu Bjarnadóttur

Upplýst um framkomna tilhögun breytts greiðslufyrirkomulags á hjúkrunarheimilum. Samþykkt að FEB taki þátt í norrænu verkefni um aðgengismál.

#### 5. Uppstillingarnefnd vegna aðalfundar 2017

Staðfesting / samþykkt að í nefndinni verði Gunnar Björnsson formaður, Snær Karlsson og Guðrún Árnadóttir.

#### 6. Önnur mál

- Anna Þrúður fagnar því sem Grái herinn gerir, en vill vekja athygli á upplýsingum undanfarið um næringu og matarræði eldri borgara og matarmál í Reykjavík.
- Sýnd og kynnt tillaga sem lögð verður fyrir borgarráð um fjölgun íbúða í fyrirhuguðum byggingum við Árskóga. Gert til að reyna að mæta þeim mikla áhuga sem er á íbúðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14.15.